

# Stefna Háskólans á Hólum 2021-2025

## Framtíðarsýn Háskólans á Hólum

Stefna Háskólans á Hólum byggir á gildum hans sem eru virðing, fagmennska og sköpun.

Háskólinn verði þekktur sem framúrskarandi fjölþjóðlegt lærdómssamfélag, bæði innanlands og á alþjóðavísu fyrir framsækna kennslu, öflugar rannsóknir og nýsköpun, virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi og sterka liðsheild.

Starfsemi háskólans einkennist af fjölþættum stuðningi við atvinnugreinar í örri þróun; fiskeldi, ferðaþjónustu og hestamennsku.

Háskólinn tekur þátt í mótun samfélags og stuðlar að ábyrgri nýtingu náttúru með sjálfbærni að leiðarljósi.

## Þátttaka í samfélagi og atvinnulífi

Háskólinn á Hólum er virkur þátttakandi í mótun íslensks samfélags. Háskólinn vill rækja þetta hlutverk af alúð með því að miðla niðurstöðum rannsókna og nýsköpunar til samfélags og atvinnulífs og með þátttöku í umræðu um samfélagsmál. Þá telur Háskólinn á Hólum það vera hlutverk sitt að vinna að rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum í samstarfi við atvinnugreinar sem snerta fræðasvið hans. Til að nálgast þessi meginmarkmið mun háskólinn:

- Vera sýnilegur innanlands og erlendis og þekktur fyrir gæða menntun og rannsóknir
- Leggja áherslu á að sérfræðipekking innan skólans nýtist við stefnumörkun á breiðum grunni
- Taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu
- Stuðla að auknu samstarfi við samfélag og atvinnulíf
- Auka samstarf og samtal við fyrri skólastig

## Nám og kennsla

Nám við Háskólann á Hólum er hvetjandi, krefjandi, tekst á við áskoranir samtímans og uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur. Háskólinn þróar kennsluhætti og hvetur til nýsköpunar, og styrkir tengsl náms, kennslu, atvinnulífs og samfélags. Háskólinn er leiðandi afl í mótun sérfræðinga á fagsviðum ferðamála, viðburðastjórnunar, fiskeldis, fiskalífræði, vatnalífræði, reiðmennsku- og reiðkennslu. Til að nálgast þessi meginmarkmið mun háskólinn:

- Auka stuðning við gæði náms og kennslu
- Samþætta fræðilega þekkingu og verklega færni í námi, í samstarfi við atvinnulífið
- Auka stuðning við meistara- og doktorsnema
- Auka þátttöku nemenda og kennara í alþjóðastarfi
- Stuðla að vellíðan nemenda í námi með framúrskarandi námsumhverfi
- Efla kennslufræðilega þekkingu og nýsköpun
- Auka þátttöku nemenda í stjórn skólans og deilda hans í gegnum öflugt stúdentafélag

## Rannsóknir og nýsköpun

Rannsóknir við Háskólann á Hólum eru framsæknar og uppfylla alþjóðlegar gæðakröfur sem gerðar eru til rannsókna. Háskólinn hefur metnað og mannauð til að styrkja innlent og erlent samstarf, efla rannsókna- og nýsköpunarstarf og styrkja þannig íslenskt atvinnulíf og menningu.

Til að nálgast þessi meginmarkmið mun háskólinn:

- Efla stoðkerfi rannsókna og rannsóknainnviði
- Efla alþjóðlegt rannsóknasamstarf sem og rannsóknarsamstarf innan háskólans
- Auka þátttöku háskólans í nýsköpunar- og þróunarverkefnum
- Efla nýliðun í rannsóknum og rannsóknatengt framhaldsnám
- Taka höndum saman við samfélag og atvinnulíf um hagnýtar rannsóknir
- Styðja við ritun og fræðilega birtingu akademískra starfsmanna

## Sterk liðsheild og mannauður

Háskólinn á Hólum vill styrkja mannauð sinn og skapa sterka liðsheild starfsfólks og nemenda. Skilvirkni, skýr markmið og hlutverk, lausnamiðuð hugsun og jákvæð samskipti eru í hávegum höfð. Háskólinn býður öruggt, opið og aðlaðandi starfsumhverfi sem hefur að leiðarljósi velferð, jafnrétti og heilbrigði þar sem hver einstaklingur fær notið hæfileika sinna og hefur rödd innan háskólans. Til að nálgast þessi meginmarkmið mun háskólinn:

- Efla faglega og gegnsæja stjórnun og gæðaferla
- Stuðla að bættu heilbrigði og vellíðan starfsfólks og nemenda
- Leggja áherslu á jafnrétti og fjölbreytileika
- Gera starfsfólki og nemendum kleift að samræma starfsskyldur og fjölskylduábyrgð

## Stjórnun og stjórnskipulag

Háskólinn á Hólum vill efla stjórnun og stjórnskipulag skólans með það að markmiði að skýra boðleiðir, skipurit og regluverk skólans. Þannig mun starf háskólans eflast, verða skilvirkari og stjórnunarlegt álag dreifast á fleiri herðar. Til að nálgast þessi meginmarkmið mun háskólinn:

- Endurskoða skipurit og starfsreglur skólans
- Bæta formlegt regluverk og skriflega verkferla og eftirfylgni með þeim
- Bæta stoðkerfi sviða og deilda
- Safna og nota lykiltölur um starfsemi háskólans